

107. Stjórnarfundur KRAFT.

107.stjórnarfundur KRAFT var haldinn á skrifstofu sambandsins fimmtudaginn 16.janúar 2020 og hófst kl. 17.00.

Mætt: Auðunn, Guðbrandur, Aron og Gry. Þórunn tók þátt gegnum tölvu. Alex og Inga María boðuðu forföll. Lára sat fundinn.

Formaður setti fundinn og óskaði mönnum gleðilegs árs.

Stjórnin fagnaði kjöri Júlíans J K Jóhannssonar sem íþróttamann ársins 2019 og álitur það vera mikið viðurkenning bæði fyrir Júlían og kraftlyftingaiþróttina og starfið í heild.

Kraftlyftingamenn hafa hlotið viðurkenningar fyrir árangur 2019 í mörgum sveitarfélögum og fagnar stjórnin þessu.

Gengið var til dagskrár.

### **KRAFTLYFTINGAÞING 2020.**

Boðað verður til þings í Reykjavík 29.febrúar nk kl. 14.00

**Lára** og **Gry** senda fundarboð samkvæmt lögum. Uppstillinganefnd hefur verið valin og eru í henni **Guðbrandur**, **Þórunn** og **Aron**.

**Gry** pantar sal og hefur samband við þingforseta. **Gry** tekur saman skýrslu stjórnar. **Alex** og **Magnús** ganga frá reikningum.

Ákveðið var að leggja fram tillögu á þingi um að Sigurjón Pétursson verði kjörinn fyrsti heiðursforseti KRAFT.

Á þinginu verða afhent verðlaun til kraftlyftingafólks ársins og stigahæstu liða. **Lára** pantar verðlaunagripi.

### **HEIÐURSMERKI**

Stjórnin samþykkti tillögu heiðursmerkjanefndar um að María Guðsteinsdóttir, Ármanni, verði sæmd gullmerki KRAFT á þinginu.

### **BREYTING Á MÓTASKRÁ**

Samþykkt var ósk Breiðabliks um að færa ÍM í réttstöðu til helgina 26-28 júní. Þá verður mótið liður í íþróttaveislu UMFÍ í Kópavogi. **Gry** gerir breytingu og tilkynnir.

Bent hefur verið á að ÍM í bekkpressu og klassískri bekkpressu fara fram á sama tíma og HM í greininni. Stjórnin telur æskilegt að okkar bestu keppendur hafi tækifæri til að taka þátt í ÍM og biður mótshaldara, Stjórnuna, að skoða möguleikann á að færa mótið til 30 og 31 maí.

**Aron** er með málið.

### **LANDSLIÐSMÁL.**

Búið er að funda með landsliðsmönnum og undirrita samninga.

**Lára** gengur frá samningum við þá sem eiga það ógert og kemur upplýsingum um keppendur til

107. Stjórnarfundur KRAFT.

lyfjaeftirlitsins.

Ákveðið var að boða til samskonar fundar í júní vegna verkefni á seinni hluta árs.

## WEC

Málið er í farvegi, búið er að semja við EPF og lyfjaeftirlitið. Gera þarf ráð fyrir mótinu á fjárhagsáætlun 2020.

## RIG

Mótið fer fram 26.janúar og gengur undirbúningur vel nema illa hefur gengið að safna fjárhagsstyrkjum. Útlit er fyrir að sambandið þarf að greiða þá hámarksupphæð sem ákveðin var að veita í mótahaldið.

## ÚRVALSHÓPUR UNGMENNA

Fyrsti hittingur hópsins verður 18.janúar. Auðunn, Rúnar og Lára hafa haft veg og vanda af undirbúningi. Stjórnin telur eðlilegt að kostnaður við þetta verkefni færist á árið 2019 og mun **Alex** og **Gry** ræða það við ASJ.

## ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Undirbúningur að námskeiði í samvinnu við norska þjálfarann Marius Arnesen er kominn vel á veg og gaf stjórnin Gry umboð til að halda áfram með málið. **Gry** sendir tillögu að skipulagi á stjórnarmenn til samþykktar fljótlega. Stjórnin telur eðlilegt að hluti kostnaðar við þetta verkefni færist á árið 2019 og mun **Alex** og **Gry** ræða það við ASJ.

## ÖNNUR MÁL

Gry upplýsti um að NPF er búið að standa í skrifum við IPF til að fá svar við atriði í tæknireglum sem eru óljós. Beðið er eftir formlegu svari.

Gry upplýsti að Helgi Hauksson hefur þýtt nýjustu útgáfu af tæknireglum IPF á íslensku og eru þær komnar á netið. Stjórnin þakkar Helga fyrir starfið.

Ekkert fleira gert. Fundi slitið kl. 17.55

Fundarritari: Gry Ek

